

REGLUR

um breytingu á reglum um inntökuskilyrði í grunnám við Háskóla Íslands, nr. 331/2022.

1. gr.

2. mgr. 17. gr. reglnanna orðast svo: Til að hefja nám til BA-gráðu í íslensku sem öðru máli og íslenskustoð þarf umsækjandi enn fremur að standast lágmarkskröfur á stöðuprófi sem haldið er fyrir upphaf hvers háskólaárs. Umsækjendur um hagnýtt nám í íslensku sem öðru máli þurfa einnig að standast lágmarkskröfur á stöðuprófi sem sérstaklega er haldið fyrir námsleiðina. Umsækjendur um hagnýtt nám í íslensku sem öðru máli, sem ekki hafa ensku að móðurmáli, þurfa að sýna fram á kunnáttu sína í ensku með TOEFL (lágmarkseinkunn 79), IELTS Academic (lágmarkseinkunn 6,5) eða PTE Academic (lágmarkseinkunn 58).

2. gr.

Í lok 1. mgr. 23., 24., 25., 26., 27. og 28. gr. reglnanna bætist við nýr málslíður svohljóðandi: Ef nemandi sem lokið hefur prófi frá erlendum skóla, hyggst stunda grunnám sem kennt er á íslensku, skal hann jafnframt hafa staðist sérstakt inntökupróf í íslensku skv. 1. gr.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við reglur nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands með heimild í 18. gr. laga um opinbera háskóla, nr. 85/2008, og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 13. nóvember 2025.

Silja Bára R. Ómarsdóttir.

Magnús Jökull Sigurjónsson.

B deild - Útgáfudagur: 27. nóvember 2025